



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

**Sendandi:** Menningar- og ferðamálasvið

---

### *Framtíð Úrbótasjóðs tónleikastaða í Reykjavík og stuðningur við tónleikastaði*

#### **Um úrbótasjóðinn**

Úrbótasjóði tónleikastaða í Reykjavík var komið á fót árið 2019 sem átaksverkefni til tveggja ára.

Hlutverk úrbótasjóðs er að styðja við tilvist minni og miðlungsstórra tónleikastaða í Reykjavík með því að veita styrki til úrbóta á tónleikastöðunum hvað varðar aðstöðu, aðbúnað og aðgengi. Þannig er stuðlað að áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni sem styður um leið við tónlistarlífið og eflir mannlífið. Framlag Reykjavíkurborgar í sjóðinn er 8 milljónir en einnig hafa fagfélög í tónlist lagt sjóðnum til fé.

#### **2020 - 2021**

Fyrst var úthlutað úr sjóðnum fyrir árið 2020, árið sem COVID-19 skall á heimsbyggðinni. Alls bárust 20 umsóknir í sjóðinn en níu staðir hlutu styrk. Árið varð, eins og allir vita, ekki gott fyrir lifandi tónlistarflutning og tónleikahald og ekki leið á löngu þar til ljóst var að ekki gátu allir styrkhafar nýtt sína styrki. Gjaldþrot blasti við tveimur stöðum og einn nýr staður sem átti að fá styrk opnaði aldrei. Það fé í sjóðnum sem ekki tókst að koma til skila var notað til að gera sérstakt streymisverkefni með tónleikastöðum í borginni sem skilaði sér í góðri skemmtun fyrir landsmenn og launum til tónlistarfólks. Aftur var úthlutað úr Úrbótasjóði tónleikastaða á þessu ári. Alls bárust 14 umsóknir frá 13 stöðum og fengu 12 staðir styrk úr sjóðnum sem eru greiddir út á þessu ári.

#### **Framhaldslíf sjóðsins og framtíðarsýn**

Á meðal tónleikastaða er mikil ánægja með Úrbótasjóð tónleikastaða. Með sjóðnum sýnir borgin tónleikastöðum stuðning í verki og viðurkennir mikilvægi þeirra fyrir tónlistarlífið í borginni. Það er einnig að sönnu ánægjulegt að sjá nýja og fjölbreytta tónleikastaði opna í borginni þrátt fyrir áhrif heimsfaraldurs sem sýnir seigluna í tónlistarsenu borgarinnar.

Á tímum sem þessum er afar mikilvægt að styðja við vettvang listsköpunar- og flutnings. Það er auðvelt að færa rök fyrir því að núna eigi í raun að gefa í og auka við stuðning en í það minnsta væri leitt að sjá á eftir stuðningi á borð við Úrbótasjóð tónleikastaða sem með tiltölulega litlum tilkostnaði hefur stóra og mikla þýðingu fyrir tónlistarlífið.


Í skýrslunni *Áhrif COVID-19 á íslenskt tónlistarlíf* sem kom út í júní á síðasta ári er fjallað um mikilvægi þess að sveitarfélög, og þá sérstaklega Reykjavík þar sem flesta tónleikastaði er að finna, bregðist hratt við áhrifum COVID-19 á tónleikastaði og skoði útfærslu á stuðningi við dagskrárgerð þeirra, t.d. með sérstökum samstarfssamningum sem gerðir eru í tiltekinn tíma við ákveðinn fjölda tónleikastaða sem sinna ólíkum tónlistarstefnum. Bent er á að slíkt verkefni gæti jafnvel tekið við af Úrbótasjóði tónleikastaða í Reykjavík.

Burtséð frá COVID-19 má vel færa rök fyrir því að styðja mætti betur við rekstur lítilla og miðlungsstórra tónleikastaða í borginni, rétt eins og borgin styður við Hörpu og t.d. sjálfstæðu leikhúsin í Tjarnarbíói. Með því að auka og formgera stuðning við tónleikastaði í borginni, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, yrðu hér með tímanum til öflugri og glæsilegri tónleikastaðir sem myndu efla og stórbæta starfsumhverfi íslensks tónlistarfólks.

### **Tillaga**

Það er tillaga Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur að líftími Úrbótasjóðs tónleikastaða í Reykjavík verði lengdur um eitt ár þannig að aftur verði úthlutað úr sjóðnum fyrir árið 2022. Einnig er lögð fram sú tillaga að eftir að ný menningarstefna lítur dagsins ljós verði skoðaðar leiðir til að formgera og efla enn frekar stuðning Reykjavíkurborgar við tónleikastaði.

Virðingarfyllst



María Rut Reynisdóttir

skrifstofustjóri menningarmála